

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/866 2023/EES/26/18**

frá 28. maí 2020

**um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/101 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir varfærið mat skv. 14. mgr. 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2012 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum þriðju undirgrein 14. mgr. 105. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ákvæði 9. gr. (5. mgr.), 10. gr. (6. mgr.) og 11. gr. (3. mgr.) framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/101 <sup>(2)</sup> kveða á um, að því er varðar stofnanir sem reikna út viðbótarvirðisleiðréttingar samkvæmt grunnaðferðinni sem sett er fram í þeirri reglugerð, að einstaka viðbótarvirðisleiðréttingar sem tengjast óvissu um markaðsverð, uppgjörsverð og líkansáhættu eigi að ákvarða með vísan til 90% vissu á grundvelli markaðsaðstæðna þegar útreikningurinn fer fram. Reglugerðin kveður einnig á um uppsöfnunarnálgun við útreikning á heildar flokkunarstigum viðbótarvirðisleiðréttinga á grundvelli þessara einstöku viðbótarvirðisleiðréttinga sem tekur tillit til skörunar einstakra viðbótarvirðisleiðréttinga sem á sér stað við uppsöfnun þeirra flokka virðisleiðréttinga.
- 2) Útbreiðsla COVID-19-heimsfaraldursins hefur orsakað gríðarlegar sveiflur á fjármálamörkuðum um allan heim sem hafa haft áhrif á fjölda eignaflokka. Þetta hefur leitt til óvenjulegrar aukningar á eignaverðsdreifingu og verðbili kaup- og sölutilboða. Því er búist við því að einstaka viðbótarvirðisleiðréttingar reiknaðar á grundvelli matsáhættu muni aukast verulega í samanburði við umfang þeirra á venjulegum tímum.
- 3) Aðlögun einstakra viðbótarvirðisleiðréttinga að nýjum markaðsaðstæðum er hefðbundið ferli. Hins vegar er búist er við því að vegna COVID-19-heimsfaraldursins og ákvarðana opinberra yfirvalda um að stöðva atvinnustarfsemi á mörgum sviðum muni uppsöfnun verulega aukinna viðbótarvirðisleiðréttinga hafa mismunandi áhrif á heildarfjárhæð viðbótarleiðréttinga. Því ætti að endurskoða reglurnar um varfærið mat til þess að, til viðbótar við að kveða á um uppsöfnunarþátt sem skal nota undir venjulegum markaðsaðstæðum, sé einnig kveðið á um að stofnanir ættu að beita hærri uppsöfnunarþætti á þetta tiltekna tímabil gríðarlegra sveiflna á markaðsverði og kerfisáfalls vegna COVID-19-heimsfaraldursins.
- 4) Þess er að vænta að hinar gríðarlegu sveiflur af völdum COVID-19 heimsfaraldursins muni dragast saman þegar faraldrinum linnir eins og búist er við á næstu mánuðum. Hærri uppsöfnunarþáttur ætti því aðeins að gilda þann tíma sem vænta má að gríðarlegar markaðssveiflur og kerfisáfall standi yfir sem nú er talið að verði til 31. desember 2020.
- 5) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2016/101 til samræmis við það.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 201, 25.6.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtuð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/101 frá 26. október 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir varfærið mat skv. 14. mgr. 105. gr. (Stjtuð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 54).

- 6) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina. Vegna þess hve brýnt málið er sökum COVID-19-heimsfaraldursins hefur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin talið að samráð við almenning og kostnaðar- og ábatagreining myndu vera of tímafrek. Hins vegar hefur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin upplýst hagsmunahópinn um bankastarfsemi sem komið var á í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(3)</sup>.
- 7) Til að bregðast skjótt við afleiðingum COVID-19-heimsfaraldursins ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2016/101 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. maí 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

## VIÐAUKI

**Formúlur sem nota skal í þeim tilgangi að safna saman viðbótarvirðisleiðréttingum skv. 9. gr. (6. mgr.), 10. gr. (7. mgr.) og 11. gr. (7. mgr.)**

**Formúla fyrir aðferð 1**

$$\begin{aligned} \text{APVA} &= (\text{FV} - \text{PV}) - \alpha \cdot (\text{FV} - \text{PV}) \\ &= (1 - \alpha) \cdot (\text{FV} - \text{PV}) \\ \text{AVA} &= \Sigma \text{APVA} \end{aligned}$$

**Formúla fyrir aðferð 2**

$$\begin{aligned} \text{APVA} &= \max \{0, (\text{FV} - \text{PV}) - \alpha \cdot (\text{EV} - \text{PV})\} \\ &= \max \{0, \text{FV} - \alpha \cdot \text{EV} - (1 - \alpha) \cdot \text{PV}\} \\ \text{AVA} &= \Sigma \text{APVA} \end{aligned}$$

Þar sem:

- FV = Mat á gangvirði matsáhættu eftir hverja leiðréttingu á bókhaldi sem er beitt á gangvirði stofnunar og hægt er að auðkenna þannig að það taki á sömu upptökum matsóvissu og viðkomandi viðbótarvirðisleiðréttingar,
- PV = Mat á varfærnu virði matsáhættu sem ákvarðað er í samræmi við þessa reglugerð,
- EV = Vænt virði á stigi matsáhættu sem tekið er út frá nokkrum mögulegum gildum,
- $\alpha$  = Uppsöfnunarþátturinn,
- APVA = Stig matsáhættu viðbótarvirðisleiðréttinga eftir að leiðrétt hefur verið fyrir uppsöfnun,
- AVA = Heildarflokksstig viðbótarvirðisleiðréttinga eftir að leiðrétt hefur verið fyrir uppsöfnun.

Stofnanir skulu hafa uppsöfnunarþátt „ $\alpha$ “ 66% til 31. desember 2020 og eftir það hafa uppsöfnunarþáttinn 50%.“